

Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs.

Föstudaginn 15. maí 2015 var haldinn 146. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09.15. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Haraldsson og Ármann Kr. Ólafsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Grétar Þór Jóhannsson, fulltrúi innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, sat fundinn undir fyrsta lið.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Petta gerðist:

1. Útboðsferli slökkvibifreiða
Grétar Þór Jóhannsson frá innkaupadeild Reykjavíkurborgar fór yfir útboðsskilmála og útboðsreglur Reykjavíkurborgar.
Eftirfarandi lagt fram:
Minnisblað innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, dags. 13. maí 2015.
Afgreiðsla: Samþykkt að heimila slökkviliðsstjóra að fara í útboð á slökkvibifreiðum.
2. Þriggja mánaða uppgjör
Árshlutauppgjör SHS samstæðunnar fyrir tímabilið janúar – mars lagt fram.
Eftirfarandi lagt fram:
Þriggja mánaða uppgjör SHS 2015, dags. 15. mars 2015.
Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.
3. Skýringar 12 og 13 í ársreikningi 2014
Óskað var eftir nánari skýringum á skuldbindingum SHS skv. ársreikningi 2014, sbr. skýringar 12 og 13 í reikningnum.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Minnisblað SHS: Skýringar á orlofsskuldbindingu og áföllnum kostnaði vegna starfsloka og starfsmats í ársreikningi SHS 2014, dags. 16. mars 2015.
Afgreiðsla: Vísað til innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.
4. Önnur mál
Viðræður við Brunavarnir Suðurnesja um sameiningu.
Stjórn Brunavarna Suðurnesja hefur ákveðið að hætta viðræðum við SHS um sameiningu liðanna.
Eftirfarandi lagt fram:
Bréf Brunavarna Suðurnesja, dags. 5. maí 2015.
Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 19. júní 2015.

Fundi slitið klukkan 09:45

Fylgiskjöl:

Minnisblað innkaupadeildar Reykjavíkurborgar, dags. 13. maí 2015.

Þriggja mánaða uppgjör SHS 2015, dags. 15. mars 2015.

Minnisblað SHS: Skýringar á orlofsskuldbindingu og áföllnum kostnaði vegna starfsloka og starfsmats í ársreikningi SHS 2014, dags. 16. mars 2015.

Bréf Brunavarna Suðurnesja, dags. 5. maí 2015.

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Ármann Kr. Ólafsson
Gunnar Einarsson
Haraldur L. Haraldsson